

## „Ísland ljóstengt“ 2018

### Svör við spurningum vegna A hluta<sup>1</sup>

**Spurning 1:**

Hafa skilmálar eða umsóknarfyrirkomulag vegna 2018 breyst frá úthlutun vegna 2017?

Svar 1:

Bæði skilmálar og umsóknareyðublað hafa breyst lítillega. Mikilvægt er að þeir sem koma að undirbúningi og gerð styrkbeiðna kynni sér vel skilmála og umsóknarform vegna 2018. Ein helsta breytingin milli ára er grein 20 í skilmálum.

**Spurning 2:**

Verða sveitarfélög sem sóttu um og fengu styrk vegna ljósleiðarauppbyggingar 2017 að senda að nýju öll gögn sem beðið er um vegna A hluta umsóknarferlis vegna 2018?

Svar 2:

Já.

**Spurning 3:**

Sé verkinu skipt upp í áfanga, þarf að skila teikningum, staðalistum og kostnaðaráætlun fyrir allt sem eftir er, eða dugar að skila gögnum sem eiga við um þann áfanga sem sótt er um?

Svar 3:

Skila þarf a.m.k. grófum teikningum fyrir allt sem eftir er. Skila þarf a.m.k. grófum teikningum, staðalistum og kostnaðaráætlun fyrir áfanga sem sótt er um. Æskilegt (en ekki skylda) er að starfræn umsóknargögn séu send til sjóðsins sem eitt samsett pfd skjal undir 10MB að stærð.

**Spurning 4:**

Þurfa sveitarfélög sem auglýstu eftir eign uppbyggingaráformum markaðsaðila vegna framkvæmda 2017 að auglýsa aftur vegna áforma sveitarfélaga 2018?

Svar 4:

Niðurstaða slíkra auglýsinga sem birtar voru 2016 eða síðar verður tekin gild vegna umsókna um styrk vegna 2018. Hafa ber í huga við undirbúning styrktra ljósleiðaraverkefna að fjarskiptafélög afsala sér ekki möguleika á uppbyggingu á markaðslegum forsendum þó þau svari ekki auglýsingu sveitarfélags á ákveðnum tímapunkti. Almennt séð er kostur fyrir sveitarfélög að hafa sem nýjastar upplýsingar um markaðsáform fjarskiptafyrirtækja. Mikilvægt er eftir sem áður að tilkynna slíkar auglýsingar til PFS.

**Spurning 5:**

Farið er fram á staðfestingu með A hluta umsóknar um styrk að „kannað verði á hönnunarstigi með hagkvæma nýtingu fyrirbyggjandi innviða og samlegðar með öðrum jarðframkvæmdum“.

- Er til auglýsingarform sem styðjast má við ef auglýst er eftir fyrirbyggjandi innviðum?
- Hvenær er slík nýting eða samlegð talin vera hagkvæm?
- Hverjum ber að bjóða fram sína fyrirbyggjandi innviði berist ósk um slíkt og hvernig eru slík afnot verðlögð?
- Geta eigendur fyrirbyggjandi innviða sem bjóða sveitarfélagi þá til afnota beint, eða verðleggja þá sem hluta af eigin tilboði, útilokað aðra bjóðendur frá afnotum af sömu innviðum á sömu verðum?
- Geta eigendur fyrirbyggjandi innviða, sem ekki ber að bjóða þá öðrum, neitað sanngjarnri beiðni um afnot af þeirra innviðum?

---

<sup>1</sup> Í sumum tilfellum hafa svipaðar spurningar borist áður vegna fyrri styrkúthlutana fjarskiptasjóðs. Í slíkum tilfellum eru spurningarnar umorðaðar til samræmis við eldri spurningar.

Svar 5a:

Sjá t.d. lið C. í fyrirmynd PFS að auglýsingu:

<https://www.pfs.is/fjarskipti/ljosleidarauppbygging-og-rikisstyrkir/fyrirmynd-ad-auglyssingu/>  
Jafnframt er mælt með að haft sé beint samband við eigendur slíkra innviða.

Svar 5b:

Ef núvirt kaupverð eða gjald fyrir afnot af fyrirliggjandi innviðum út áætlaðan líftíma ljósleiðarakerfisins er að lágmarki jafnt eða lægra en kostnaður við nýbyggingu á sambærilegum innviðum að teknu tilliti til mismunandi rekstararkostnaðar eftir því sem við á, þá telst sú nýtingin vera hagkvæm. Að sama skapi þá telst hagkvæm samlegð með öðrum jarðframkvæmdum vera til staðar leiði samlegðin til lægri kostnaðar en ella í sjálfstæðri framkvæmd.

Svar 5c:

Eigendum fyrirliggjandi innviða er almennt ekki skylt að bjóða aðgang að þeim. Í tilviki Mílu ehf. er fyrirtækinu þó skylt að verða við sanngjörnum óskum um aðgang að innviðum félagsins sem eru bundnir kvöðum um aðgang.

Svar 5d:

Já, eigendur fyrirliggjandi innviða aðrir en Míla geta gert það. Míla getur hins vegar ekki synjað um sanngjarnan aðgang að fyrirliggjandi innviðum félagsins sem eru bundnir kvöðum um aðgang. Verð fyrir aðgang að slíkum innviðum fer samkvæmt gjaldskrá og er Mílu ekki heimilt að reikna þá á lægra verði í mögulegu eigin tilboði.

Svar 5e:

Já, eigendur fyrirliggjandi innviða aðrir en Míla geta gert það tæknilega séð. Sveitarfélög eru beðin um að tilkynna fjarskiptasjóði komi upp slík staða.

### Spurning 6:

Ekki fæst séð fyrir endann á þróun farneta og þráðlausra fjarskipta almennt. Reynslan sýnir að ný farnetstækni og aukinn gagnahraði skilar sér hægar og seinna út í dreifbýlið heldur en til þéttbýlis. Það er skiljanlegt með tilliti til fjölda notenda, kostnaðar við baknet og mismunandi aðgengi að veiturfarmagni og aðstöðu. Í skilmálum 27, 40 og 41 er komið inn á tengingu fjarskiptastaða og sendastaða en tenging þeirra er ekki „skilyrði“ þrátt fyrir að teljast styrkhæfir. Vinnur það ekki gegn hagsmunum sveitarfélaga að sendastaðir séu og verði mögulega ekki tengdir?

Svar 6:

Fjarskiptastaðir í dreifbýli hýsa mismunandi búnað. Með ljósleiðaravæðingu í dreifbýli skapast m.a. forsenda til að leggja óhagkvæman hluta koparkerfisins niður. Þessi endurnýjun er þegar hafin og eru margir fyrirliggjandi fjarskiptastaðir í dreifbýli hluti af koparkerfinu sem mögulega verður lagt niður. Engin ástæða er að leggja kvaðir á sveitarfélög eða fjarskiptafyrirtæki um að tengja slíka staði án samkomulags um slíkt.

Öðru máli gegnir um fyrirliggjandi og nýja sendastaði sem heppilegir eru fyrir farnet og annan örbylgjubúnað til framtíðar. Þörf fyrir ljósleiðara(baknets)tengingu slíkra staða er þegar fyrir hendi og mun aukast samhliða auknum gagnahraða á núverandi sendum og fyrirséðri þéttingu senda innan svæða sökum takmarkaðrar drægni næstu kynslóða farneta. Sveitarfélög ættu því að huga strax á hönnunarstigi að framtíðarþörf fjarskiptafyrirtækja fyrir slíka sendastaði m.t.t. fjölda ljósleiðarþráða í stofnstrengjum. Fyrirliggjandi byggingar í dreifbýli eru og verða heppilegir hýsingarstaðir fyrir minni farnetssenda í framtíðinni. Sveitarfélög ættu því jafnframt að huga að slíkum þáttum við ákvörðun um fjölda ljósþráða í heimtaugum. Slíkt getur borgað sig margfalt t.d. þegar kemur að uppbyggingu 5G.

**Spurning 7:**

Aðstæður eru þannig í sveitarfélagi (X) að æskilegt er, ef ekki nauðsynlegt, að komast í tengimiðju í aðliggjandi sveitarfélagi (Y) upp á öruggt samband við landsnet fjarskipta að gera. Við fyrirhugaða lagnaleið að þeirri tengimiðju eru nokkrir ótengdir staðir sem tilheyra sveitarfélaginu Y. Álitamálin snúa einkum fjárhaglegum atriðum og lagnaleið.

Heimila skilmálar Ísland ljóstengt að:

- a. X geti sótt um styrk vegna slíkra staða í Y?
- b. X hljóti styrk vegna slíkra staða í Y ef Y hefur ekki þegar auglýst eftir markaðsáformum fyrir þá staði?
- c. slíkir staðir í Y verði viðskiptavinir á kerfi X?
- d. Staðir í Y greiði tengigjald og/eða mánaðargjald samkvæmt gjaldskrá X?
- e. X framkvæmi án formlegs samþykkis Y fyrir lagnaleiðinni?

Svar 7a:

Já. Sveitarfélag X og sveitarfélag Y geta saman eða í sitt hvoru lagi sótt um styrk vegna slíkra staða teljist þeir styrkhæfir. Sveitarfélög ættu að útbúa styrkbeiðni fyrir slíka staði sérstaklega til þess að minnka líkur á flækjum í seinni áföngum úthlutunarferlisins.

Nú á X kost á styrk vegna staða í Y eftir opnun styrkbeiðna. Tilkynningu til fjarskiptasjóðs um að X muni þiggja styrk vegna umræddra staða þarf jafnframt að fylgja staðfesting frá Y um að það sveitarfélag geri ekki athugasemd við þá ráðstöfun. Hljóti Y styrkinn þá getur það sveitarfélag nýtt þann styrk til að fjármagna framkvæmd X. Forsenda slíkrar samvinnu hlýtur ætíð að vera gagnkvæm tillitsemi með hag íbúa að leiðarljósi. Þekkt er að útvegum heimitaugar sé forsenda fyrir lagnaleyfi frá landeiganda í sambærilegum tilfellum.

Svar 7b:

Niðurstaða auglýsingar/könnunar á markaðsáformum þarf helst að liggja fyrir 30. nóvember 2017 en þá rennur út frestur fyrir sveitarfélög til að þiggja eða hafna styrk. Gangi það ekki eftir í tíma þá geta viðkomandi sveitarfélög samþykkt að þiggja styrk vegna umræddra staða með fyrirvara um niðurstöðu markaðskönnunar. Undirskrift samnings við fjarskiptasjóð verður þá háð útkomu þeirrar könnunar.

Svar 7c:

Skilmálarnir banna það ekki. Sveitarfélögin ráða þessu einfaldlega.

Eins koma skilmálar ekki í veg fyrir að tenging til viðkomandi staða komi frá tengimiðjunni í Y. Slíkt fyrirkomulag stuðlar að því að viðkomandi staðir geti orðið hluti af kerfi Y með tilheyrandi samfellu í kjörum og þjónustu innan Y.

Svar 7d:

Skilmálarnir banna það ekki. Hins vegar er eðlilegt að X taki tillit til óska Y um upphæð og greiðsluskilmála tengigjalds til samræmis við almenna gjaldtöku tengigjalds innan Y. Mánaðargjöld ættu almennt að fylgja verðskrá viðkomandi kerfisrekstraraðila óháð sveitarfélagamörkum. Rétt er að sveitarfélög leiti ráðgjafar PFS vegna álitamála um verðlagningu.

Svar 7e:

Skilmálarnir fjalla ekki um slíkt. Hins vegar hljóta sveitarfélög að þurfa að ná samkomulagi um lagnaleiðina. Í slíkum tilfellum verður ekki annað séð en að Y eigi lokaorð sé uppi ágreiningur.

**Spurning 8:**

Liggur fyrir eða er útlit fyrir að tímaáætlun úthlutunar Ísland ljóstengt vegna 2018 seinki?

Svar 8:

Nei. Tilkynnt verður svo fljótt sem auðið er um breytingar á tímaáætlun ef svo ber undir.